



## EFTIRFYLGNI ÁBENDINGA ÚTTEKTARNEFNDAR

Á fundi borgarráðs þann 19. janúar 2012 var samþykkt að skipa í úttektarnefnd borgarstjórnar til að fylgja eftir því verkefni, sem borgarráð samþykkti þann 9. desember 2010, að yfirfara stjórnkerfi og stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar (R13040138). Úttektarnefndin skilaði skýrslu sinni í apríl 2013. Þann 10. september 2013 skipaði borgarstjóri starfshóp um umsjón með úrvinnslu upplýsinga, ábendinga og athugasemda úttektarnefndar borgarstjórnar um stjórnkerfi og stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar.

Á fundi borgarráðs 2. maí 2014 var lagt fram bréf starfshóps um umsjón með úrvinnslu upplýsinga, ábendinga og athugasemda úttektarnefndar borgarstjórnar um stjórnkerfi og stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar, dags. 30. apríl 2014, ásamt skýrslu starfshópsins, dags. s.d. (R13090067).

Borgarráð fól borgarritara að koma þeim ábendingum sem kalla á frekari úrvinnslu til viðeigandi aðila hjá borginni. Hér eru teknar saman skýringar á stöðu úrvinnslu ábendinga út frá tillögum/áherslum starfshóps um niðurstöður úttektarnefndar.



Úrvinnsla ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar í samræmi við skýrslu starfshóps um niðurstöður úttektarnefndar.

Áb. (nr.)	Ábending/ályktun úttektarnefndar	Tengsl við ábendingar innri endurskoðunar	Ábyrgðar-aðili	Tillaga og/eða áhersla starfshóps um niðurstöður úttektarnefndar	Núverandi staða – Lýsing á framgangi
<b>Kaflí 3. Hlutverk kjörinna fulltrúa</b>					
3	Lengd bókana ekki í samræmi við lög		Forsætis-nefnd	Lagt er til að forsætisnefnd verði falið að vinna tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þar sem settar verði reglur um hámarks lengd bókana.	<b>Ábendingu lokað:</b> Eftirfarandi viðbót við ákvæði samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar um bókanir borgarfulltrúa hefur verið samþykkt sbr birtingu í Stjórnartíðindum dags. 8.9.2016: „Bókanir og fyrirspurnir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 200 orð. Óheimilt er að færa í gerðabók greinargerðir eða hvers konar skriflegan málflutning um afstöðu borgarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.“
7	Verkaskipting borgarstjórnar/borgarráðs	Áb. IE nr. 3.	SBS	Lagt er til að borgarstjórn/borgarráð feli borgarritara, skrifstofustjóra borgarstjórnar og borgarlögmanni að vinna greinargerð varðandi verkaskiptingu borgarstjórnar og borgarráðs.	<b>Í vinnslu:</b> Samþykkt í borgarráði 16.10.14 að fela borgarritara, skrifstofustjóra borgarstjórnar og borgarlögmanni að vinna greinargerðina. Fyrstu drög liggja fyrir.
8	Borgarfulltrúar í fullu starfi	ÁB. ÚN 33-35. Áb. IE nr. 3.	SBS	Í því skyni að leggja enn meiri áherslu á að styrkja kjörna fulltrúa varðandi valdheimildir og eftirlitshlutverk sitt verður lögð sérstök áhersla á vandaða og yfirgripsmikla kynningu á gildandi reglum þegar ný borgarstjórn kemur til starfa. Sérstakur liður í þeirri fræðslu verður að upplýsa embættismenn sem starfa með kjörnum fulltrúum um sama efni.	<b>Ábendingu lokað:</b> Skrifstofa borgarstjórnar í samvinnu við borgarlögmann og fjármálaskrifstofu stóð fyrir tveimur fræðslufundum í júní 2014 fyrir kjörna fulltrúa. Allir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar voru boðaðir auk þess sem oddvitum var bent á að senda fleiri sem myndu taka sæti í ráðum og nefndum. Mæting var góð hjá nýjum fulltrúum. Á fyrsta fundinum var viðstöddum afhent ritið Sveitarstjórnarréttur, skýrsla



					<p>úttektarnefndar og viðbrögð við henni.</p> <p>Á fræðslufundunum var farið yfir sveitarstjórnarrétt, fundarsköp, hæfisreglur, stjórnkerfi Reykjavíkurborgar, leikreglur við gerð fjárhagsáætlunar og margt fleira.</p> <p>Þegar greinargerð um ábyrgð og verkaskiptingu í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar liggur fyrir er stefnt að fræðslu fyrir embættismenn og kjörna fulltrúa.</p>
9	Endurskoða reglur um kjör kjörinna fulltrúa		SBS/ forsætis- nefnd	<p>Verkefni næsta kjörtímabils verður að mynda stefnu um verksvið, vinnuálag og kjör borgarfulltrúa í nýju umhverfi þegar kjörnir fulltrúar hjá Reykjavíkurborg verða a.m.k. 23 talsins í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þetta verður helsta verkefni nýrrar forsætisnefndar á næsta kjörtímabili þannig að ekki er talið nauðsynlegt fyrir starfshópinum að setja fram tillögu um slíkt að sinni.</p>	<p><b>Ábendingu lokað:</b> Forsætisnefnd hefur unnið að undirbúningi fjölgunar borgarfulltrúa það sem af er þessu kjörtímabili.</p>
12	Borgarráð, samræmdar reglur fyrir fagráð		SBS/SBB	<p>Starfshópurinn tekur undir þessa ábendingu og telur nauðsynlegt að skerpa á vinnulagi og skiptingu ábyrgðar við vinnslu samþykktar, reglna og/eða erindisbréfa með þó þeim fyrirvörum að ábendingin á ekki við um samþykktir fagráðanna, sem eru nýyfirfarnar og uppfærðar. Fallist er á að æskilegt er að setja samræmdar reglur um skipun starfs- og stýrihópa, framsetningu og gerð erindisbréfa.</p>	<p><b>Ábendingu lokað:</b> Ábendingar 12, 20 og 21 eru tengdar saman í úrvinnslu.</p> <p>Drög að reglum um starfs- og stýrihópa sendar til forsætisnefndar 2.12.2014. Samþykktar á fundi forsætisnefndar 13.3.2015.</p>
13	Eftirlit borgarráðs með fagráðum		SBS	<p>Ætíð má þó gera betur og er tekið undir það að hvetja má kjörna fulltrúa til að nýta sér rétt til að spyrjast fyrir um erindi fagráða sem til umfjöllunar eru í borgarráði.</p>	<p><b>Ábendingu lokað:</b> Á tveimur fræðslufundum sem skrifstofa borgarstjórnar í samvinnu við borgarlögmann og fjármálaskrifstofu stóð fyrir í júnímánuði fyrir kjörna fulltrúa var sérstaklega farið yfir þetta.</p>
14	Efla eftirlitshlutverk borgarráðs		SBS	<p>Lagt er til að skrifstofu borgarstjórnar verði falið að koma á fót vöktunarkerfi með málum sem fara í gegnum borgarráð þannig að þau verði í auknum mæli kölluð inn á dagskrá.</p>	<p><b>Ábendingu lokað:</b> Skrifstofa borgarstjórnar hefur komið á vöktunarkerfi.</p>



15	Borgarráð með verkefni framkv./eignasj.		SBS	Lagt er til að unnin verði samþykkt um skrifstofu eigna og atvinnuþróunar þar sem skilgreind eru þau verkefni sem leggja ber fyrir borgarráð.	<b>Í vinnslu:</b> Innri endurskoðun gerði stjórnarsýslu- og rekstrarúttekt á SEA. Í frh. skipaði borgarstjóri starfshóp um stöðu og verkefni SEA og verkaskiptingu og samstarf við önnur svið borgarinnar dags. 15.6.2015. Starfshópurinn hefur verið óvirkur í fjarveru borgarritara. Verkaskiptingin SEA við önnur svið borgarinnar hefur einnig verið til skoðunar í hagræðingarvinnunni 2016.
16	Reglur um ráðningar tiltekinna starfsmanna		SBS	Þegar hefur verið brugðist við þessum ábendingum að því er varðar ráðningar stjórnenda sem heyrðu undir menningar- og ferðamálaráð, en í nágildandi samþykkt um ráðið er ekki gert ráð fyrir því að ráðningar séu á vegum ráðsins. Við endurskoðun viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar hefur verið ákveðið að skoða hvort ástæða er til að breyta einnig ráðningarferli skólastjóra. Er sú vinna í gangi á skóla- og frístundasviði og kemur til afgreiðslu borgarráðs með viðauka um fullnaðarafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.	<b>Ábendingu lokað:</b> Ráðningarferli skólastjóra hefur verið breytt og er á hendi sviðsstjóra SFS með viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar sem staðfestur var af innanríkisráðuneytinu 25.11.2015.
20	Verkefni frá fagráðum til verkefnabund. nefnda		SBS/SBB	Það er jafnframt á ábyrgð nefndarinnar eða hópsins að skila sveitarstjórn góðri greinargerð um vinnu sína með fundargerðum og öðrum gögnum til að unnt sé að vinna málið áfram á þeim vettvangi. Það er nauðsynlegt að allir hópar vinni á þennan hátt og því er tekið undir ábendinguna að hluta þar sem það er nauðsynlegt að setja almennar vinnureglur fyrir starfshópa og stýrihópa.	<b>Ábendingu lokað:</b> Ábendingar 12, 20 og 21 eru tengdar saman í úrvinnslu. Drög að reglum um starfs- og stýrihópa sendar til forsætisnefndar 2.12.2014. Samþykktar á fundi forsætisnefndar 13.3.2015.
21	Endurskoða skipan verkefnabundinna nefnda		SBS/SBB	Vísað er til umfjöllunar um lið nr. 20 þar sem tekið er undir það að hluta að stjórnarsýslan geti hagnast á því að hafa almennar reglur sem starfshópar og nefndir þurfa almennt að fara eftir varðandi samráð, birtingu gagna og form skila, svo dæmi séu nefnd.	<b>Ábendingu lokað:</b> Ábendingar 12, 20 og 21 eru tengdar saman í úrvinnslu. Drög að reglum um starfs- og stýrihópa sendar til forsætisnefndar 2.12.2014. Samþykktar á fundi forsætisnefndar 13.3.2015.
<b>Kaflí 4. Miðlæg stjórnarsýsla og yfirstjórn fagsviða, innra/ytra eftirlit</b>					



25	Skortur á upplýsingum til lesenda árskýrslu/ ársreiknings	Áb. IE nr. 22.	FMS/SBB	Framsetningu fjárhagslegra upplýsinga þarf að endurskoða reglulega. Starfshópurinn leggur til að ársreikningurinn ásamt fylgiskjölum og greinargerð fjármálaskrifstofu, ársskýrslur fagsviða og skýrslur skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og umhverfis- og skipulagssviðs um framkvæmdir verði birt saman á áberandi stað á reykjavik.is.  Starfshópurinn bindur miklar vonir við að útfærsla á rafrænni gagnagátt bæti enn frekar aðgengi almennings að fjárhagsgögnum og öðrum gögnum um starfsemi sviða og stofnana borgarinnar.	<b>Ábendingu lokað:</b> Vísað til upplýsinga- og vefdeildar til meðferðar sem vinni í samstarfi við FMS.  Vefsíða Reykjavíkurborgar um opin fjármál var opnuð í desember 2016, <a href="http://reykjavik.is/opinfjarmal">http://reykjavik.is/opinfjarmal</a>
26	Árangursmat (Balance Scorecard)	Áb. IE nr. 21.	SBB	Tekið er undir að rétt sé að taka ákvörðun um það hvort samhæft árangursmat verði notað hjá Reykjavíkurborg til að tryggja framgang pólitískrar stefnumörkunar og tengingu hennar við daglega starfsemi. Lagt er til að skoðað verði hvaða árangursstjórnunartæki henti Reykjavíkurborg best og skipaður verði starfshópur til að gera tillögur þess efnis.	<b>Í vinnslu:</b> Starfshópur um innleiðingu hugbúnaðar fyrir stjórnendaupplýsingar var skipaður með erindisbréfi borgarstjóra í september 2016. Skoða þarf árangursstjórnunartæki í tengslum við vinnu og skil starfshópsins.
27	Eftirfylgni borgaryfirvalda með reglum og fyrirm.	Áb. IE nr. 24, 26. Áb. endursk. nefndar um áhættustýringu.		Lagt er til að það hlutverk innri endurskoðunar að gera úttekt hjá einstökum starfseiningum á styrkleika innra eftirlits verði styrkt, sbr. ábending nr. 46.  Lagt er til að áfram verði unnið að mótun umgjörðar áhættustýringar hjá Reykjavíkurborg og skilgreint með hvaða hætti henni skuli sinnt í náinni framtíð.	<b>Í vinnslu:</b> Í framhaldi af fyrirspurn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í október 2014 um hvað þurfi til að verða við ábendingum 27 og 46 um styrkingu á hlutverki IE að gera úttektir á innra eftirliti óskaði IE eftir því við Deloitte að lagt verði mat á hvert umfang IE eigi að vera. Álit Deloitte sent til borgarritara 19.3.2015. IE sendi 31.8.15 beiðni um aukinn fjárhagsramma, vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Litlar breytingar á fjárhagsramma IE fyrir árin 2016 og 2017.
28	Sinnir ekki að framkvæma heildarúttektir	Áb. IE nr. 20, 24. Áb. endursk. nefndar um		Lagt er til að farið verði yfir ferli stefnumótunar, innleiðingar stefnu, eftirfylgni og endurmati á stefnumörkun hjá Reykjavíkurborg með það fyrir augum að	<b>Í vinnslu:</b> Í vinnslu að skoða ferli og umgjörð stefnumótunar, áhættustýringar, gæðastjórnunar auk



		áhættustýringu.		gefa út handbók Reykjavíkurborgar um opinbera stefnumótun.  Æskilegt er að formgera eftirlitshlutverk miðlægrar stjórnsýslu.	Þess sem greinargerð um ábyrgð og verkaskiptingu er í vinnslu.
29	Upplýsingamiðlun til kjörinna ftr. og almennings	Áb. IE nr. 22.	SBB/FMS	Framsetning á upplýsingum varðandi starfsemi og fjármál þarf að vera í stöðugri endurskoðun og taka mið af auknum kröfum um upplýsingagiöf og þeim möguleikum sem ný tækni gefur kost á. <ul style="list-style-type: none"> <li>Ljúka þarf vinnu við endurskoðun upplýsingastefnu.</li> <li>Fylgja eftir innleiðingu á stjórnendahugbúnaðinum QlikView.</li> <li>Fylgja eftir innleiðingu rafrænnar gagnagáttar um fjármál Reykjavíkurborgar.</li> <li>Skoða skil starfshóps um gæðakerfi og rekstarhandbók Reykjavíkur.</li> </ul>	<b>Ábendingu lokað:</b> Ábendingin skarast á við vinnslu annarra ábendinga.
30	Formleg upplýsingastefna	Áb. IE nr. 20.		Starfshópurinn tekur undir að brýnt sé að borgarstjórn samþykki nýja upplýsingastefnu og að framkvæmd hennar verði tryggð. Gæta þarf að því að endurskoða og uppfæra stefnumörkun í einstökum málaflokkum í samræmi við breyttar aðstæður. Gagnlegt getur verið að samþykkja stefnumörkun með tiltekinn gildistíma til að tryggja betur að ráðist verði í endurskoðun.	<b>Ábendingu lokað:</b> Upplýsinga- og vefdeild skilaði drögum að upplýsingastefnu. Erindisbréf stýrihóps um endurskoðun upplýsingastefnu samþykkt á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 2.2.15. Stýrihópurinn skilaði tillögu að nýrri upplýsingastefnu sem samþykkt var í borgarráði dags. 9.7.15.
32	Mat á faglegum áhrifum stjórnkerfisbreytinga		SBB	Lagt er til að framvegis þegar ráðist er í breytingar á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar verði metið eftir tiltekinn tíma hver fagleg og fjárhagsleg áhrif af breytingunum urðu og hvort skilgreind markmið þeirra hafi náðst.	<b>Ábendingu lokað:</b> Við stjórnkerfisbreytingar verður tekið upp það verklag á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að skilgreina markmið breytinganna vel og meta fagleg og fjárhagsleg áhrif þeirra að breytingum loknum. Erindisbréf hóps sem undirbýr stjórnkerfisbreytingar kveði á um þetta verklag.
33-35	Góð stjórnsýsla, ábyrgð og aðgreining starfa	Áb. ÚN nr. 8. Áb. IE nr. 3.	SBB/SBS	Lagt er til að greinargerð borgarritara um ábyrgð og verkaskiptingu í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar frá júní	<b>Í vinnslu:</b> Samþykkt í borgarráði 16.10.14 að fela borgarritara,



	Hlutverk formanns fagráðs ígildi borgarstjóra Sviðsstjórar sækja umboð til formanna ráða í stað borgarstjóra			2006 verði endurunnin af borgarritara og birt á vef Reykjavíkurborgar.  Lagt er til að námskeið sem haldið er fyrir kjörna fulltrúa í upphafi hvers kjörtímabils verði endurskoðað af skrifstofu borgarstjórnar og að sviðsstjórar taki að einhverju leyti þátt í því.	skrifstofustjóra borgarstjórnar og borgarlögmanni að vinna greinargerðina. Fyrstu drög liggja fyrir.
36	Dregið úr forystu miðlægrar stjórnarsýslu		SBB	„Vísað er til svara við lið 32. Að auki er rétt að halda því til haga að síðustu breytingar snerust að miklu leyti um að styrkja miðlæga stjórnarsýslu og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.“	<b>Ábendingu lokað:</b> Vísað til svars starfshóps um niðurstöður úttektarnefndar við ábendingunni.
38	Mikið óunnið við söfnun upplýsinga hjá miðlægrri stjórnarsýslu		SBB/FMS	Vísað er til svara við lið 29.	<b>Ábendingu lokað:</b> Ábending nr. 38 skarast á við vinnslu annarra ábendinga og er lokað með vísan til svars starfshóps um niðurstöður úttektarnefndar við ábendingu nr. 29 og með vísan til vinnu vegna ábendingar nr. 25 um ársreikninga og ársskýrslur og vegna ábendingar nr. 30 um upplýsingastefnu.
39	Dregið úr skilvirkni fagráða v/tíðra stjórnkerfisbreytinga		SBB	Vísað er til svara við lið 32.	<b>Ábendingu lokað:</b> Ábendingunni er lokað með vísan í vinnu vegna ábendingar nr. 32 um mat á faglegum áhrifum stjórnkerfisbreytinga.
41	Skipan endurskoðunarnefndar	Áb. IE nr. 2.	SBS	Lagt er til að borgarstjórn meti æskilega samsetningu endurskoðunarnefndar og skoði sérstaklega hvort borgarstjórn ætti að eiga fulltrúa í nefndinni.	<b>Ábendingu lokað:</b> Borgarritari sendi IE bréf dags. 16.2.2016 um skipan endurskoðunarnefndar og samskipti hennar við borgarráð.
42	Skortir skjalfest heildaryfirlit innri verkferla og reglna	Áb. IE nr. 24-26. Áb. endursk. nefndar um áhættustýringu.	SBS/SBB	Mikilvægt er að vinna áfram að mótun áhættustýringar hjá Reykjavíkurborg. Jafnframt er að vænta tillagna starfshóps um gæðakerfi og rekstrarhandbók Reykjavíkur.	<b>Í vinnslu:</b> Skýrsla og tillögur starfshóps um gæðakerfi og rekstrarhandbók Reykjavíkur voru lagðar fram í borgarráði 10.9.2015. Vísað til fjárfestingaráætlunar og fjárhagsáætlunar. Innkaupaferli vegna hugbúnaðar fyrir gæðahandbók rann saman við innkaupaferli fyrir nýtt skjalakerfi



					sem enn er yfirstandandi. Stöðugildi verkefnisstjóra gæðamála hefur ekki verið samþykkt en til skoðunar samhliða innleiðingu á nýju skjala- og gæðakerfi.
43-45	Hlutverk og ábyrgð kjörinna fulltrúa. Innra eftirlit Endurmeta mikilvægi einstakra þátta í eftirliti Ábyrgð á innleiðingu eftirlits og eftirfylgni	Áb. IE nr. 24, 26. Áb. endursk. nefndar um áhættustýringu.		Um ábendingar nr. 43-45 er vísað til svara við ábendingum nr. 26-30, 42 og 46. Mannauðsdeild vinnur að bættri fræðslu um siðareglur og viðbrögð við mögulegum brotum á þeim (sjá k. 10).	<b>Ábendingu lokað:</b> Ábendingunni er lokað með vísan til svars í skýrslu starfshóps um niðurstöður úttektarnefndar og úrvinnslu borgarritara á tengdum ábendingum úttektarnefndar og innri endurskoðunar.
46	Styrkja hlutverk innri endurskoðunar			Lagt er til að endurskoðunaráætlanir innri endurskoðunar nái yfir 3-5 ár og taki til allra starfssviða fagsviða og Ráðhúss Reykjavíkur. Endurskoðunaráætlanir byggja á áhættu-greiningu þar sem leitast er við að greina og forgangsraða verkefnum innri endurskoðunar.	<b>Í vinnslu:</b> Í framhaldi af fyrirspurn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í október 2014 um hvað þurfi til að verða við ábendingum 27 og 46 um styrkingu á hlutverki IE að gera úttektir á innra eftirliti óskaði IE eftir því við Deloitte að lagt verði mat á hvert umfang IE eigi að vera. Álit Deloitte sent til borgarritara 19.3.2015. IE sendi 31.8.15 beiðni um aukinn fjárhagsramma, vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Litlar breytingar á fjárhagsramma IE fyrir árin 2016 og 2017.
47	Meiri vinna til að eftirlitið verði viðunandi	Áb. IE nr. 26.		Punktur settir fram í k. 4.5.3 í skýrslu úttektarnefndar, m.a. um fjármál, sem má skoða.	<b>Í vinnslu:</b> Tengist öðrum ábendingum.
<b>Kaflí 5. Stjórnarsýslustaða B-hluta fyrirtækja</b>					
49	Leggja niður Aflvaka hf.			Lagt er til að Aflvaka hf. verði fundin ný verkefni og félagið endurfjármagnað eða slitið formlega ella.	<b>Í vinnslu:</b> Ný verkefni munu koma og Aflvaki getur gegnt fjölbreyttum verkefnum.
53	Rekstrarform B-hluta fyrirtækja borgarinnar	Áb. IE nr. 12-13.		Æskilegt er að rýna kosti og galla mismunandi rekstrarforma B-hluta félaga út frá lögbundnu hlutverki sveitarfélaga, stjórnun og stjórnarháttum, áhættu sem fylgir starfseminni og hagkvæmni með sama hætti og gert hefur verið hjá Orkuveitu Reykjavíkur í tengslum við kvaðir um	<b>Í vinnslu:</b> Nokkrar ábendingar ÚN og IE varða B-hluta félög, eigendastefnur, rekstrarform og umsýslu innan borgarkerfis. Þann 2.6.2015 tók til starfa lögfræðingur í





				uppskiptingu fyrirtækisins.	tímabundið starf á SBB til að sinna undirbúningsvinnu og tillögugerð eins og við á. Verkefnið er umfangsmikið og fór í bið vegna anna og fæðingarorlofs starfsmanns. Stefnt er að því að skila minnisblaði um málið fyrir lok maí 2017.
54	Ljúka eigendastefnu fyrir B-hluta fyrirtæki	Áb. IE nr. 8, 12-13.		Starfshópurinn tekur undir með úttektarnefndinni að mikilvægt sé að klára eigendastefnu fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem fyrst.	<b>Í vinnslu:</b> Stjórnarform SHS fól framkvæmdastjóra vor 2015 að undirbúa eigendastefnu. Endurskoðun á eigendastefnum fyrir Strætó og Sorpu stendur hins vegar enn yfir og ákveðið að bíða með eigendastefnu SHS þar til þeirri endurskoðun lýkur. Eigendastefna Félagsbústaða í vinnslu.
55	Meginatriði vegna eigendastefnu	Áb. IE nr. 8, 12-13.		Mótun eigendastefna fyrir B-hluta félög borgarinnar er jákvæð þróun. Mikilvægt er að fylgjast með framkvæmd hennar.	<b>Í vinnslu.</b> Sbr. svör við ábendingu nr. 53.
56	Val fulltrúa borgarinnar í stjórnir B-hluta fyrirtækja	Áb. IE nr. 11-13. Ath. áb. endursk. nefndar um að IE geri úttekt á stöðu innra eftirlits.		Reykjavíkurborg þarf að móta sér skýra stefnu gagnvart B-hluta félögum og formgera með skýrum hætti hvernig skuli farið með umsýslu þeirra innan borgarkerfisins.	<b>Í vinnslu.</b> Sbr. svör við ábendingu nr. 53.
57	Eftirlit kjörinna fulltrúa með B-hluta fyrirtækjum	Áb. IE nr. 12-13.		Hluti af vandanum er líklega sú óvissa sem ríkir um það hver í raun fari með forræði á B-hluta fyrirtækjunum – hvar þau eru vistuð í stjórnkerfinu. Væri þessu verkefni fundinn varanlegur sess í stjórnskipan Reykjavíkurborgar yrði sennilega hægara um vik að finna farsæla lendingu í þessu umhverfi. Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að mismunandi skilningur er í hugum forsvarsmanna fyrirtækja Reykjavíkurborgar um aðkomu og umboð Reykjavíkur gagnvart fyrirtækjunum. Að mati starfshópsins er nauðsynlegt að skerpa á þessu meðal kjörinna fulltrúa.	<b>Í vinnslu.</b> Sbr. svör við ábendingu nr. 53.
58	Samskipti B-hluta fyrirtækja við stjórnarsýslu borgarinnar	Áb. IE nr. 12-13. Ath. áb. endursk. nefndar um að IE		Starfshópurinn tekur því undir ábendingu úttektarnefndarinnar og leggur til að vinnubrögð verði skerpt í samvinnu við fjármálaskrifstofu	<b>Í vinnslu.</b> Sbr. svör við ábendingu nr. 53.



		geri úttekt á stöðu innra eftirlits.		Reykjavíkurborgar.	
59	Umboð fulltrúa borgarinnar í stjórn B-hluta fyrirtækja	Áb. IE nr. 11-13.		Mikið hefur áunnist í þessum efnunum á síðustu árum en starfshópurinn tekur þó undir ábendingu úttektarnefndar og telur svigrúm vera til frekari endurbóta í þessum efnunum. Starfshópurinn bendir á að við yfirstandandi endurskoðun á eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er verið að gera frekari endurbætur í þessum efnunum.  Lagt er til að skrifstofa borgarstjórnar fylgi því eftir að þessi mál verði greind nánar og fræðsla borgarfulltrúa á nýju kjörtímabili taki mið af þessari ábendingu úttektarnefndar.	Í vinnslu. Sbr. svör við ábendingu nr. 53.
<b>Kaflí 6. Vöru-, þjónustu- og verkkaup</b>					
60	Innkaupareglur styrkja innkaupastefnu			Innkaupadeild fjármálaskrifstofu vinnur um þessar mundir að því að auka sýnileika innkaupastefnunnar og innkaupareglna á vef borgarinnar og þannig auka fræðslu fyrir lykilaðila í innkaupum fagsviðanna og meðal þeirra sem halda utan um verklegar framkvæmdir. Þetta kynningar- og fræðslustarf er að mati starfshópsins sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á sviðum og skrifstofum og hlutverkum þeirra á undanförunum árum. Í vinnslu eru tillögur að breytingum á innkaupareglum, m.a. til að skerpa á eftirlitshlutverki innkauparáðs. Verða breytinga-tillögur lagðar fram í innkauparáði til samþykktar 2. maí nk. Markmiðið með breytingunum er að eftirlitshlutverk ráðsins verði skýrara og skilvirkara.	Ábendingu lokað: Ábendingu lokað með vísan til nýrra innkaupareglna og fræðslu um innkaup.  Í yfirstandandi hagræðingaraðgerðum fá innkaupamál sérstaka umfjöllun og gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki ekki síðar en í mars 2017.
63	Innkaupasamningar. 43% af heildarinnkaupum			Starfshópurinn leggur til að borgarráð beini því til sviða og stofnana borgarinnar að nýta sér í ríkara mæli rammamninga og örsamninga og fylgi þeim til að ná sem hagkvæmasta verði.  Mikilvægt að borgarráð setji markmið um aukinn þátt innkaupa samkvæmt rammamningum.	Í vinnslu: Ábendingar í 6. kafla skýrslu úttektarnefndar tengjast ábendingum IE um innkaupamál. Eftirfylgniskýrsla IE var lögð fyrir borgarráð 15.1.15. Aðgerðaáætlun innkaupadeildar í innkaupamálum var lögð fyrir borgarráð og henni er ætlað að mæta ábendingum ÚN og IE.  Bókað í borgarráði 28.5.2015: „Samþykkt að fela innkauparáði að



					skoða og meta hvort ástæða er til að endurskoða innkaupastefnu og skila álitum um það til borgarráðs.
65	Fræðsla um innkaup og ráðgjöf innkaupaskrifstofu			Tekið er undir með innri endurskoðun að æskilegt er að gera aðgerðaáætlun varðandi innkaup í samráði við svið og stofnanir sem síðan verði lögð fyrir innkauparáð og borgarráð til samþykktar... Í tillögum að breytingum á innkaupareglum er að finna tillögur um að áætlanir innkaupadeildar verði lagðar fyrir innkauparáð til samþykktar.	Í <b>vinnslu:</b> Aðgerðaráætlun innkaupadeildar hefur verið lögð fram.
66	Skortur á upplýsingagjöf frá innkaupaskrifstofu			Hins vegar verður að taka undir með úttektafnd að verulega skortir á að innkaupaskrifstofa/ innkaupadeild hafi haft burði til að sinna eftirliti í samræmi við innkaupareglur... Eftirlitsáætlun er ætlað að setja fram á heildstæðan og skýran hátt hvernig eftirlit samkvæmt innkaupareglum er framkvæmt. Æskilegt er að borgarráð kalli skýrar eftir því að sviðsstjórar leiti í samráði við innkaupadeild eftir tækifærum til aukinnar hagkvæmni í innkaupum og hafi gott eftirlit með framkvæmd innkaupa á sínum sviðum.	Í <b>vinnslu:</b> Aðgerðaráætlun innkaupadeildar hefur verið lögð fram og sjá svar við ábendingu nr. 67.
67	Fagråd sinni hlutverk sínu gagnvart innkaupum			Leggur starfshópurinn til að sviðsstjórum verði falið að leggja ársfjórðungslega fyrir fagrådinn innkaupaskýrslur og að gera grein fyrir jafnt sérstökum innkaupum sem háum innkaupafjárhæðum.	<b>Ábendingu lokað:</b> Í 37. gr. innkaupareglna sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 8.5.2014: „Ársfjórðungslega skulu allir sviðsstjórar senda yfirlit til þess fagráðs sem sviðið heyrir undir. Í yfirlitinu skal gera grein fyrir einstökum innkaupum yfir 1. m.kr. og skal slíkt yfirlit jafnframt sent innkauparáði“
68	Aðkoma kjörinna fulltrúa að innkaupamálum			Koma þarf á kerfisbundinni fræðslu fyrir kjörna fulltrúa á innkaupamálum í upphafi nýs kjörtímabils.	Í <b>vinnslu:</b> Fræðsla í undirbúningi.
69	Hagsmunaárekstrar vegna innkaupa			Innri endurskoðun hefur þegar kannað og gert grein fyrir þessum álitafnum. <sup>1</sup>	Í <b>vinnslu:</b> Sjá eftirlit með úttekt á meðferð innherjaupplýsinga og

<sup>1</sup> Ábendingar og umfjöllun innri endurskoðunar: Viðskipti skráð á aðila tengda innherjum og stjórnendum Reykjavíkurborgar voru 1277 talsins og voru þrjár lögaðilar með 90% viðskiptanna. Við skoðun Innkaupaskrifstofu kom ekkert óeðlilegt í ljós og starfsmenn tengdir aðilunum samþykktu ekki reikninga í tengslum við viðskiptin. Ábending: Nauðsynlegt er að borgarráð setji skýrar reglur um þá aðila sem skoða eigi í könnun sem þessari og að því verði lokið fyrir gerð næsta ársreiknings. Þá er bent á að skoða kosti



					viðskipti innherja frá 26.4.2011. Viðmið um um hverjir skuli vera skilgreindir sem innherjar hjá A hluta voru samþykkt í borgarráði 11.6.2015. Uppfærð viðmið samþykkt í borgarráði 15.9.16.  Minnisblað borgarlögmans um heimildir Reykjavíkurborgar til að hafa eftirlit með viðskiptum lykilstarfsmanna Reykjavíkurborgar og aðilum þeim tengdum við birgja borgarinnar barst 29.1.2016. Niðurstaðan er að slíkar heimildir eru ekki skýrar og slíkt eftirlit þyrfti að vera skv. upplýstu samþykki viðkomandi starfsmanns.
<b>Kaflí 7. Skipulagsmál og fjárfesting</b>					
70	Vettvangur SSH til að móta framtíðarstefnu			Mikilvægt er að fulltrúar Reykjavíkurborgar í svæðisskipulagsnefnd og aðrir fulltrúar í vinnuhópum endurskoðunar leggi áherslu á að komið verði á virku samráði við nágrannabyggðarlögin á meðan endurskoðunarvinnu stendur sem og við framfylgd stefnunnar og hugað verði að stofnun varanlegs samráðsvettvangs. Þá er lagt til að nauðsynlegir gagnagrunnar við framfylgd væntanlegs svæðisskipulags, sem innifela upplýsingar um þróun á húsnæðismarkaði (sbr. bls. 13 í verklýsingu), taki ekki einvörðungu til höfuðborgarsvæðisins heldur alls suðvesturhornisins (vinnusóknarsvæðis höfuðborgarinnar).	Ábendingu lokað: Nýtt svæðisskipulag hefur tekið gildi og starf svæðisskipulagsstjóra fest í sessi. Kveðið er á um aukid samstarf sveitarfélaga á suðvesturhorninu í markmiðið 3.2. Sjá einnig markmið 5.2. um gerð þróunaráætlana um uppbyggingu til næstu 4 ára.
